



Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn þriðjudaginn **21. apríl 2026** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, Andri Már Þorsteinsson og Svavar Sigurðsson heilbrigðisfulltrúar. Róbert Smári Gunnarsson tilkynnti forföll. Fundarstjóri: Arnar Þór Stefánsson.

Ritari: Arnar Þór Stefánsson

Dagskrá

1. Starfsleyfi og skráningar
 2. Tóbakssöluleyfi
 3. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 - G. Mál frá ráðuneytum
 4. Önnur mál
-

1. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 2012

Evanger sf., kt. 540622-1400, Hólavegur 79, 580 Siglufjörður, vegna reksturs sjálfsala með forpökkuðum matvælum á tjaldsvæði Siglfirðinga, 580 Siglufirði, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Jón V. Ólafsson

Samþykkt til 21.04.2038.

Starfsleyfi nr. 2013

Hamdysvik sf., kt. 710315-0270, vegna reksturs gistingar í flokki 2 að Svalbarði, 531 Hvammstangi, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Hanny Norland.

Samþykkt til 21.04.2038.

Starfsleyfi nr. 2014

Sólheimagerði, kt. 270776-4189, vegna reksturs gisting í frístundahúsi að Sólheimagerði, 561 Varmahlíð, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Eyþór Einarsson

Samþykkt til 21.04.2038.

Starfsleyfi nr. 2015

Miðdalskóngurinn ehf, kt. 460525-1520, vegna reksturs gistingar með vínveitingaleyfi og hestaferðir að Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstangi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir..*

Ábyrgðarmaður: Magnús Ásgeir Eliasson

Samþykkt til 21.04.2038.

Starfsleyfi nr. 2016

Þrumgrill ehf., kt., 600723-2350, vegna reksturs kaffihús með veitingum, Húnabraut 2 540 Blönduós, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Sigprúður G. Sigfúsdóttir

Samþykkt til 21.04.2038.

Starfsleyfi nr. 2017

Íþróttahús Skagastrandar., kt., 650169-6039, vegna reksturs íþróttahúss með ómannaðir opnun utan hefðbundins opnunartíma, Húnabraut 2 540 Blönduós, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Alexandra Jóhannesdóttir

Samþykkt til 21.04.2038.

Skráningarskyldur atvinnurekstur nr. 2018

Tveir smiðir ehf. kt. 560999-2329, vegna reksturs trésmíðaverkstæði önnur en í viðauka 1 að Hafnarbraut 7, 530 Hvammstangi, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ábyrgðarmaður: Birgir Þór Þorbjörnsson.

Skráð 21.04.2026

Undanþága frá reglugerð 814/2010 öryggi á sund og baðstöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga nr. 2018

Sveitarstjóri Skagastrandar hefur óskað eftir undanþágu fyrir 17 ára starfsmann sem verður 18 ára eftir nokkrar vikur til vinnu í sundlaug staðarins. Sundlaugin er 10 m. með einum heitum potti og er stutt í aðstoð þegar og ef þörf krefur.

Ábyrgðarmaður: *Alexandra Jóhannesdóttir*

Skráð 21.04.2026

2. Tóbakssöluleyfi

Tóbakssöluleyfi nr. 2019

Olís ehf., kt. 500269-3249, vegna sölu tóbaks í þjónustustöð með smásölu að Tjarnargötu 6, 580 Siglufjörður, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ábyrgðarmaður: Heiða Óladóttir.

Samþykkt til 21.04.2030.

3. Mál til kynningar / vinna milli funda

A) Skipulagsmál

- a) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um deiliskipulag fyrir Langaborg á Hegranesi, Skagafirði. Mál nr. 1624/2025.
- b) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um deiliskipulag Blöndustöðvar. Mál nr. 1013/2023.
- c) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra vegna breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi 2020-2023 á Leirutangi í Siglufirði, Fjallabyggð. Mál nr. 267/2026.
- d) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um vinnslutillögu á aðalskipulagi Húnabyggðar 2025-2037, vegna endurskoðað aðalskipulag Húnabyggðar. Tvnr. 260408/SH.
- e) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um deiliskipulag við hafnarsvæðið á Sauðárkróki vegna lóðanna Háeyri 6-8. Mál nr. 249/2026.

B) Umsagnir til sýslumanns

Gistileyfi

- a) Miðdals-Kóngurinn ehf, kt.460525-1520 gistileyfi á Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstanga.
- b) Eyþór Einarsson, kt. 270776-4189 gistileyfi í Sólheimagerði, 561.
- c) Hamdisvík ehf., kt 710315-0270 gistileyfi á Svalbarð, 531 Hvammstanga.

Veitingaleyfi

Engin.

C) Mál frá Mast

- a) Tilkynning um sýklalyfjaónæm salmonella í fæðubótarefni.
- b) Tilkynning um að helstu fyrirtæki sem geta afhent former foodstuff án dýraafurða til bænda/dýraeigenda. Þau fyrirtæki þurfa ekki að skrá sig sem fóðurfyrirtæki hjá Mast. er ekki þörf á skráningu sem fóðurfyrirtæki hjá MAST.
- c) Innköllun á þremur tegundum af MOMAhafragraut. Tilkynning um innköllun kom frá HEV. Aðskotahlutur (hætta á músaskít).
- d) Súkkulaðipáskaegg frá Góa voru innkölluð. Ástæða, er litað með rauðu/bleikum lit og það er bannað sé að lita súkkulaði, sbr. aukefnareglugerð.
- e) Lema gögnin voru send Mast fyrir 1. mars 2026.
- f) Innköllun á TRS kórianderfræjum vegna ólöglegs varnaefnis (Chlorpyrifos) sem fannst í vörunni.
- g) Tilkynning um stök bleikju úr landeldisstöð.
- h) Innköllunar á Íslandsnaut Smash Styla hamborgurum, vegna salmonellu í vörunni og varðar hún eingöngu lotunúmer 064-6-099-04.
- i) Halðið verður áfram undirbúningi f. úttekt ESA í maí, en úttektin fer fram 1.-10. júní nk. Mikilvægt er að öll svæði sendi fulltrúa á fund. Það þurfa allir að koma að undirbúningi þó eiginleg þáttaka svæða í úttektinni sjálfri verði mismikil.
- j) Fundir með forstjóra Mast eru mánaðarlega vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

D) Mál frá UOS

- a) Þann 28. apríl næstkomandi verður blásið til ráðstefnu um framtíð og öryggi leikvalla á Íslandi á vegum Samgus - Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra. Allir eru hvattir til að mæta, sem koma að hönnun, eftirliti, innkaupum og viðhaldi leiksvæða til að taka daginn frá.
- b) Fræðsluferð til Helsinki þar sem fjallað verður um meðferð matvæla, eftirliti með hollustuháttum, þ.m.t. eftirlit með fargufum, neysluvatni, fráveitu og loftgæðum.
- c) Búið er að koma á mánaðarlegum samstarfsfundum með UOS.
- d) Þann 30. janúar lagði Umhverfis- og orkustofnun fram til yfirlestrar greinargerð um frekari afmörkun og endurskoðun á gerðarflokkun yfirborðsvatnshlota vegna undirbúnings vatnaáætlunar fyrir tímabilið 2028-2033.
- e) Unnið er að mati á því hvort hestafimleikar séu háðir starfsleyfi.

- f) Meðferð rækjuhrats eftir bruna á Siglufirði er til meðferðar UOS, þar sem sótt hefur verið um leyfi til að setja rækjuhrat í sjóinn.

E) Úr eftirliti

- a) Umsögn um skipulag Kúluhúsa við Félagsheimilið Víðihlíð. Nefndin hefur stöðvað áður útgefið starfsleyfi á meðan málið er í vinnslu.
- c) Umsagnir til Atvinnuveganefndar og Umhverfis- og samgöngunefnd.
- e) Ábending um hugsanlega stjórnsýsluákvörðun um lokun á íbúð vegna vanþrifa.
- f) Enn verið að vinna að hreinsun lóða í Skagafirði og Húnaþingi vestra.
- g) Kannað hvort fituskiljur séu til staðar við veitinga- og matreiðslueldhús þar sem nauðsyn krefur. Umræða um fituskiljun almennt og frárennismál frá framleiðslu.
- h) Farið yfir fleiri mál á fundinum, svo sem sýnatöku úr sjó í námunda við þéttbýli, ofl.

F) Mál frá Ráðuneytum

Rebekka Hilmarsdóttir, Eftirlit með afurðarheitinu *íslenskt gin*, ráðuneyti upplýsti um ákvörðun um eftirlit með verndað afurðarheiti íslenskt gin vegna erindis atvinnurekenda.

G) Mál frá Landlæknisembættinu

Haldnir eru mánaðarlegir örfundir um matarborna sjúkdóma.

5. Önnur mál

Heilbrigðisfulltrúi mun taka þátt í fræðsluferð UOS til Helsinki þar sem fjallað verður um meðferð matvæla, eftirliti með hollustuháttum, þ.m.t. eftirlit með fargufum, neysluvatni, fráveitu og loftgæðum. Nefndin samþykkir greiðslu dagpeninga fyrir þessa ferð.

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður í maí.

Fundi slitið kl. 12:30.